

bls. 1

G E Þ H J A L P



Gísli Theódórsson

Það var þörf fyrir svona tímarit

segir Gísli Theódórsson ritstjóri Geðhjálpar

Á síðasta ári leit tímaritið Geðhjálp dagsins ljós í fyrsta sinn. Út eru komin tvö tölublöð undir ritstjórn Gísla Theódórssonar. Í þeim tveimur blöðum sem út hafa komið er að finna athyglisverðar greinar, eina um ungt fólk og vímuefni, ráð við þunglyndi og ráð við streitu, pistil um samskipti fólks og svo fréttakorn sem tengjast Geðhjálp svo nokkuð sé nefnt. Til að spyrjast nánar fyrir um blaðið settumst við stundarkorn niður með ritstjóranum.

bls. 2



Tímaritið Geðhjálp kemur út tvisvar á ári.

Efni blaðsins spannar mjög vítt svið, það er reynt að höfða til fagfólks, áhugafólks og einnig lögd áhersla á að eitthvað sé lestrarhæft fyrir fólk sem ekki hefur yfir að ráða einbeitingarhæfni. Það má kannski orða það

sem svo að við reynum að fara milliveg þannig að blaðið sé ekki það fræðilegt að það fæli frá áhugafólk og sé heldur ekki einvörðungu léttmelt. Markmið Geðhjálpar með út-

gáfunni er að opna fyrir jákvæðar umræður um málefni fólks með geðræn vandamál," segir Gísli sem hefur hingað til unnið blaðið í sjálfböðavinnu. Þegar leitað er eftir því hvort ekki sé mikil vinna fólgin í útgáfu slíks tímarits þar sem hann vinnur það að mestu upp á eigin spýtur vill hann sem minnst úr því gera: „Blaðið er sem stendur tuttugu og fjórar síður og ég legg metnað í að hafa það vandað. Auðvitað hefur þetta verið töluverð vinna en þroskandi og þetta er ólíkt offset ljósmyndun, þeirri löngrein sem ég lærði á sínum tíma. Ég hef ekki staðið algjörlega einn í þessu, ýmsir hafa rétt út hjálparhönd, Jóhanna Þráinsdóttir hefur verið hlynnt blaðinu, verið tilbúin að aðstoða á alla lund og Myndamót, fyrirtækið sem ég starfa hjá hefur veitt mér stuðning. Það er hvetjandi að fást við útgáfu svona tímarits og sérstaklega

þar sem því hefur verið tekið vel. Vonandi getur upplag blaðsins orðið 4000 til 5000 eintök og draumurinn er að koma upp áskrifendakerfi. Þess má þó geta að blaðið er ókeypis," heldur Gísli áfram og bætir sov við að það sé stutt af einstaklingum og fyrirtækjum. „Í fyrstu höfðu menn afskaplega litla trú á því að einhver grundvöllur væri fyrir útgáfu blaðsins en það er alltaf að koma betur og betur í ljós að þörf er á tímariti sem þessu.“
— Hvernig var aðdragandinn að því að þú ákvaðst að fara í að gefa út fyrrnefnt blað?
„Fyrstu kynni mín af Geðhjálp voru þau að árið 1983 fór ég á fyrirlestur sem haldinn var á vegum félagsins. Það ætlaðist svo þannig að ég gekk til liðs við stjórn félagsins og í henni sat ég um tveggja ára skeið. Fundarseta hefur hinsvegar aldrei verið mín sérgrein svo ég fór að listast

um eftir öðru hlutverki mér til handa og kom auga á að tilfinningalega vantaði sameiginlegan máttsvara fagfólks, sjúklinga og annars áhugafólks um fyrrnefnd málefni. Þannig atvikaðist það að ég tók upp á því að ráðast í útgáfunni á eigin ábyrgð.“
— Hvernig viðarðu að þér efni?
„Ég leita fyrir mér vítt og breitt í heilbrigðiskerfinu, spyrst fyrir, fer eftir ábendingum annarra og reyni að leita fanga hjá fólki sem eitthvað hefur birst eftir um þessi mál," segir Gísli að endingu og flettir svo aðeins ofan af væntanlegu efni í þriðja tölublaði. Þar mun kenna ýmissa grasa, til dæmis mun birtast grein eftir Hannes Hilmarsson þar sem hann skrifar um feimni og Bryndís Konráðsdóttir ætlar að rita um andlega aðstoð við dauðvona fólk.

GRG